

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 25. nóvember 2008 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2008.

Fyrir fundinum lá tillaga sveitarstjóra að endurskoðaðri fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og stofnana fyrir árið 2008. Talsverð breyting var lögð til bæði vegna nýrra ákvarðana sem teknar hafa verið og varða fjárhag ársins og breytinga á forsendum í rekstri og tekjum sveitarfélagsins. Mikil umræða varð um áætlunina og gerðar nokkrar breytingar. Sveitarstjóra falið að ganga frá áætluninni í samræmi við þær ákvarðanir en hún að öðru leyti samþykkt.

2. Gjaldskrár sveitarfélagsins.

Fyrir fundinum lágu gjaldskrár sveitarfélagsins. Sveitarstjóri kynnti gjaldskrárnar og gerði grein fyrir hverjar þeirra hafa hlotið formlegt samþykki og hvaða tillögur séu til breytinga eða stofnunar nýrra gjaldskráa.

Gjaldskrárnar voru ræddar en þeim var síðan vísað til annarrar umræðu og gerðar fjárhagsáætlunar 2009.

3. Frumhönnun sundlaugar

Fyrir fundinum lágu drög að frumhönnun sundlaugar við íþróttahúsið sem unnin voru af Ágúst Hafsteinssyni hjá Arkitektastofunni Form. Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi hugmyndir og samþykkti að óska eftir frumáætlun kostnaðar miðað við tillögurnar og að gerður verði samanburður á kostnaði við byggingu og rekstur mismunandi stærða á sundlaugarkeri.

4. Viðbygging verknámshúss FNV

Fyrir fundinum lá kostnaðaráætlun vegna viðbyggingar við verknámshús FNV á Sauðárkróki ásamt samningi milli menntamálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og fulltrúa sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Svohljóðandi bókun var samþykkt:

„Samningur hefur verið undirritaður af hálfu Menntamálaráðuneytis og fulltrúa sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um stækkun verknámsaðstöðu Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Fjármálaráðuneytið á enn eftir að staðfesta samninginn. Sveitarstjórn Skagastrandar staðfestir fyrir sitt leyti samninginn eins og hann liggur fyrir og skal tekið tillit til kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins í fjárhagsáætlun ársins 2009. Sveitarstjórn gerir þó þann fyrirvara við staðfestingu samningsins að komi fram misræmi við opnun tilboða í verkið þar sem niðurstaða útboðs leiðir í ljós hærri framkvæmdakostnað en fyrirbyggjandi samningur gerir ráð fyrir sé rétt að aðilar setjist yfir samningsmál að nýju eða falli frá framkvæmdum ella. Er það enda skilningur

sveitarstjórnar að um þessa málmeðferð hafi aðilar sammælt við undirritun samningsins. Að öðru leyti hvetur sveitarstjórn til þess að Fjármálaráðuneytið staðfesti samninginn hið fyrsta og að allri hönnun og undirbúningi útboðs verði hraðað sem kostur er svo hefja megi framkvæmdir sem allra fyrst á árinu 2009.“

5. Fjárhagsáætlun Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál.

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun sem stjórn byggðasamlagsins hafði samþykkt. Samtals er kostnaður við byggðasamlagið í hálf t ár áætlaður 10.7 milljónir og hlutur Skagastrandar 2,3 milljónir.

6. Bréf:

a) Dóms- og kirkjumálaráðherra, dags. 9. september 2008.

Í bréfinu er tilkynnt um gildistöku nýrra laga um almannavarnir nr. 82/2008 og að samkvæmt þeim skuli starfa sérstök almannavarnanefnd í hverju sveitarfélagi sem sveitarstjórn skipi.

Bréfið var til kynningar og vísað til umsagnar sýslumanns áður en breyting verði gerð á skipulagi almannavarna í héraði.

b) Óbyggðanefndar, dags. 28. október 2008.

Með bréfinu er kynntur frestur fjármálaráðherra til að lýsa hugsanlegum þjóðlendukröfum á vestanverðu Norðurlandi (svæði 7b).

Í bréfinu kemur fram að frestur sem fjármálaráðherra hefur til að lýsa kröfum um þjóðlendu rennur út 31. janúar 2009. Ef gerðar verða kröfur um þjóðlendu mun óbyggðanefnd úrskurða og tilkynna hlutaðeigandi um niðurstöður sínar.

Bréfið var til kynningar.

c) Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 12. september 2008.

Með bréfinu er kynntur vefaðgangur sem sveitarstjórnir hafa að fundargerðum og undirgögnum stjórnarfundu sambandsins.

Bréfið var til kynningar

d) Siglingastofnunar, dags. 9. október 2008.

Með bréfinu er tilkynnt um að samþykkt hafi verið styrkhæfni framkvæmdar við lengingu upptökubrautar fyrir smábáta og að hlutfall ríkisins muni nema 60% allt að 500 þús. kr.

Bréfið var til kynningar.

e) Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands, dag. 7. október 2008.

Með bréfinu er tilkynnt um að ekki hafi verið unnt að styrkja verkefni sveitarfélagsins vegna „Merkingar gönguleiða á Spákonufell“ sem sótt var um í styrktarsjóð EBÍ.

Bréfið var til kynningar.

f) Heimilisiðnaðarsafnsins, dags. 19. október 2008.

Elín S. Sigurðardóttir formaður stjórnar Heimilisiðnaðarsafnsins sækir um rekstrarstyrk til safnsins að upphæð 913.714 kr. vegna rekstrar 2009. Í bréfinu kemur fram að þar sem Héraðsnefnd A-Hún hafi verið lögð niður sé nú sótt um beint til

sveitarfélaga. Samtals er hlutur sveitarfélaga áætlaður 3.500 þús. og umsókn til hvers og eins þeirra byggir á sömu skiptihlutföllum og gilda um kostnaðarskiptingu vegna byggðarsamlaga um verkefni héraðsnefndar. Meðfylgjandi bréfinu var rekstraráætlun fyrir árið 2009 og kostnaðarskipting milli sveitarfélaga. Erindið var samþykkt.

g) Menningarráðs Norðurlands vestra, dags. 17. október 2008.
Með bréfinu er tilkynnt um að menningarráðið hafi samþykkt að veita 37 verkefnastyrki, alls að upphæð 18.850.000 kr. þar á meðal hafi verið styrkt verkefnið „Heimildarmynd um Skagaströnd“.
Bréfið var til kynningar.

h) Knattspyrnusambands Íslands, dags. 24. október 2008.
Með bréfinu er greint frá auknum áherslum KSÍ á barna- og unglingastarf og jafnframt hvatt til að sveitarfélög eigi samráð með knattspyrnufélögum um frekari möguleika barna og unglinga til að eiga aðgang að starfsemi aðildarfélaga KSÍ.
Bréfið var til kynningar.

7. Fundargerðir

- a) Tómtunda- og menningarmálanefndar, 5.11.2008.
Fundargerðin var samþykkt.
- b) Menningarráðs Norðurlands vestra, 14.10.2008.
Fundargerðin var til kynningar.
- c) Menningarráðs Norðurlands vestra, 28.10.2008.
Fundargerðin var til kynningar.
- d) Samtaka minni sveitarfélaga, 12.11.2008.
Fundargerðin var til kynningar.
- e) Heilbrigðisnefndar Nl.vestra, 7.10.2008.
Fundargerðin var til kynningar.
- f) Stjórnar SSNV, 30.09.2008.
Fundargerðin var til kynningar.
- g) Stjórnar SSNV, 15.10.2008.
Fundargerðin var til kynningar.
- h) Stjórnar SSNV, 4.11.2008.
Fundargerðin var til kynningar.
- i) Stjórnar Sambands ísl. sv.fél, 10.10.2008.
Fundargerðin var til kynningar.

- j) Stjórnar Sambands ísl. sv.fél, 31.10.2008.
Fundargerðin var til kynningar.

8. Önnur mál

- a) Umræður urðu um fjármál almennt og ýmis mál sem tengjast atvinnu og ferðamálum.
- b) Fyrir fundinn var lagt minnisblað sem tekið var saman vegna sameiginlegs fundar þingmanna Norðvesturkjördæmis og fulltrúa sveitarstjórna á Norðurlandi vestra. Í minnisblaðinu koma fram áherslur sveitarstjórnar Skagastrandar til þingmanna.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12⁰⁰

Adolf H. Berndsen

Birna Sveinsdóttir,

Halldór G. Ólafsson

Sigríður Gestsdóttir

Erla Jónsdóttir

Magnús B. Jónsson.